

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Þróun á lengd funda borgarstjórnar 2014-2022 og áhrif tillögu um breytt fyrirkomulag

Óskað hefur verið eftir því að skrifstofu borgarstjórnar taki saman tölfræði um lengd funda borgarstjórnar á árunum 2014-2018 og 2018-2022. Einnig hafa verið teknar saman upplýsingar um algenga lengd umræðna á fundum borgarstjórnar á árunum 2018-2022.

Á árunum 2014-2018 voru haldnir 85 reglulegir fundir í borgarstjórn Reykjavíkur. Að meðaltali stóðu þessir fundir í 5 tíma og 24 mínútur með staðalfrávik upp á 143 mín. Á þessum tíma voru 15 borgarfulltrúar og gerir það 21,6 mín fyrir hvern. Á árunum 2018-2022 voru haldnir 79 fundir í borgarstjórn Reykjavíkur. Að meðaltali stóðu þessir fundir í 7 tíma og 32 mínútur með staðalfrávik upp á 153 mín. Á þessu kjörtímabili voru eins og nú 23 borgarfulltrúar og gerir það 19,7 mín fyrir hvern. Fundir borgarstjórnar eru því jafn langir, í raun ögn styttri, á kjörtímabilinu 2018-2022 og þeir voru 2014-18 sé leiðrétt fyrir fjölgun fulltrúa. Haldist þessar tölur óbreyttar við flutning á upphafi funda til 12:00 í stað 14:00 myndu fundi að jafnaði vera slitið um 19:30.

Einnig var tekin saman tölfræði um lengd umræðu fyrir mál meirihlutans, mál Sjálfstæðisflokksins og mál Sóssíalista, Flokks fólksins og Miðflokksins. Teknar voru stikkprufur, 10 fundir á árunum 2018-2022. Niðurstaðan er að umræða um mál meirihlutans og mál Sjálfstæðisflokksins varir að meðaltali í ca. 90-100 mínútur og umræður um mál minni flokka á bilinu 30-60 mín. Út frá þessu má áætla að takmörkun á umræðu um staka liði við 2 klukkutíma myndi hafa áhrif í tæplega 7% umræðna um mál meirihluta og mál Sjálfstæðisflokks og í 0,5% umræðna um mál minni flokka.

Samantekt:

Breyting á tímasetningu á upphafi funda borgarstjórnar er ekki til þess fallið að lengja fundina sé miðað við meðallengd funda undanfarin tvö kjörtímabil.

Takmörkun á lengd umræðna við 2 klukkutíma mun einungis hafa áhrif í þeim tilfellum sem umræður dragast mjög umfram meðal lengd. Mögulegt væri fyrir forseta að heimila lengri umræðu í slíkum tilfellum ef ástæða þætti til.

Virðingarfyllt,
Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar